

Sveitarfélagið Ölfus
Sigurður Jónsson,
skipulags- og byggingarfulltrúi
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn



UMHVERFISSTOFNUN


Reykjavík, 18. október 2013
Tilvísun: UST20131000045/bs


Aðalskipulag - breyting - lýsing - Hellsheiði - Hverahlíð. Umsögn

Vísað er til bréfs Sveitarfélagsins Ölfuss dags. 3. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda lýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi Ölfuss. Annars vegar er um að ræða tengingu iðnaðarsvæða Hverahlíðarvirkjunar og Hellsheiðarvirkjunar og hins vegar lagningu skiljuvatnslagnar frá núverandi niðurrenslissvæðum til sjávar við Þorlákshöfn.

Umhverfisstofnun telur að í umræddri lýsingu sé gert ráð fyrir umfjöllun um áhrif aðalskipulagsbreytingar á alla umhverfisþætti sem fyrir áhrifum geta orðið nema vatn. Umhverfisstofnun vill í þessu sambandi benda á lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að skoðuð verði möguleg áhrif losunar affallsvatns á strandsjó og það lífríki sem þar er að finna í umhverfismati skipulagstillögunnar. Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda lýsingu.

Virðingarfyllst


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri


Björn Stefánsson
sérfræðingur